



# ERINDISBRÉF

## *Hafnarstjórnar Hornafjarðarhafnar*

### **Stjórnskipuleg staða**

Hafnarstjórn Hornafjarðarhafnar heyrir beint undir Bæjarstjórn Hornafjarðar. Starfsmaður stjórnarinnar er hafnarstjóri Hornafjarðarhafnar.

### **Skipan, seturéttur á fundum og áheyrnaraðild**

Í hafnarstjórn eiga sæti fimm fulltrúar kosnir af bæjarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum *sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998* og *hafnalaga nr. 23/1994*. Hverjum aðalmanni er jafnframt kosinn varamaður. Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um kosningu hafnarstjórnar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi mann einnig tilnefna varamann hans, nema öðruvísi hafi verið ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og bæjarstjórnar. Auk kjörinna fulltrúa eiga hafnarstjóri og framkvæmdastjóri tækni- og umhverfissviðs (bæjarverkfræðingur) rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Þá er heimilt að kalla til á fundi hafnarstjórnar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni. Starfsmönnum hafnarinnar er skylt að sitja fundi hafnarstjórnar sé þess óskað.

Bæjarstjórn kys hafnarstjórn formann og varaformann.

### **Hlutverk og verksvið**

Meginhlutverk hafnarstjórnar er að móta stefnu í málefnum Hornafjarðarhafnar. Nefndin er jafnframt rekstrarstjórn hafnarinnar og annast sem slík alla framkvæmd hafnamála í sveitarfélaginu í samræmi við lög og reglur. Meðal verkefna nefndarinnar er:

- ◆ að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn í hafnamálum
- ◆ að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar
- ◆ að sinna rannsóknum á hafnarsvæðinu og umhverfi þess í samstarfi við Siglingastofnun og aðra aðila sem ráðgjöf geta veitt
- ◆ að vinna að skipulagi hafnarinnar í samstarfi við byggingar- og skipulagsnefnd og Siglingastofnun
- ◆ að gera árlega tillögur til bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun hafnarinnar, veitnanna og áhaldhúss
- ◆ að vinna og leggja fram tillögur um framkvæmdir við hafnargerð hverju sinni, eftir atvikum í samráði við Siglingastofnun
- ◆ að ráða hafnarstjóra og ákveða verksvið hans að fylgjast með og fjalla um landbrot og ástandi strandlengjunnar í sveitarfélaginu
- ◆ Hafnarstjórn er rekstrarnefnd áhaldhúss, hornafjarðarhafnar og hornafjarðarveitna
- ◆ Nefndin skal gera tillögu til bæjarstjórn um framkvæmdir og viðhalds á höfninni og á veitum sveitarfélagsins
- ◆ að fjalla um önnur þau mál sem bæjarstjórn felur henni
- ◆

Hafnarnefnd er ábyrg fyrir ársreikningi Hornafjarðarhafnar sem lagður skal fram árlega í samræmi við lög og reglur.

### **Starfshættir**

Um starfshætti undirnefnda Bæjarstjórnar Hornafjarðar er fjallað í IV. kafla í *Samþykkt um stjórn og fundarskóp sveitarfélagsins Hornafjarðar* og skal ákvæðum kaflans fylgt eftir því sem við á.

Hafnarstjórn kemur saman á fastákveðnum fundartíma einu sinni í mánuði. Skal gerð samþykkt um þennan fundartíma á fyrsta fundi að fenginni tillögu bæjarstjóra. Boðað skal til aukafunda að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir hafnarstjórnarmanna óska þess. Heimilt er að fella niður fundi að sumarlagi og á öðrum tímum að mati formanns. Hafnarstjórn getur auglýst einstaka fundi sína opna, en annars verður stjórnin að samþykkja viðveru hvers þess sem ekki á seturétt á fundinum.

Þá getur nefndin staðið fyrir kynningarfundum vegna starfa sinna eða þeirra verkefna sem til umfjöllunar eru, og skulu slíkir fundir öllum opnir.

Nefndarformaður stýrir fundum nefndarinnar.

Hafnarstjóri sér um að taka á móti erindum og málum sem leggja á fyrir hafnarstjórn. Hann útbýr í samráði við formann skriflegt eða rafrænt fundarboð þar sem tilgreindur er fundarstaður og -tími og dagskrá í tölusettum liðum. Fundarboð skal sent öllum aðalmönnum (varamönnum í forföllum aðalmanna) og öðrum sem seturétt eiga á fundum hafnarstjórnar. Boðun funda skal fara fram með tryggilegum hætti svo öruggt sé að fundarboð hafi borist öllum í síðasta lagi sólarhring fyrir fund. Fundargerð seinasta fundar skal send með fundarboði.

Hafnarstjóri færir fundargerð hvers fundar og er ábyrgur fyrir að hún sé lesin upp í lok fundar og staðfest af viðstöddum fundarmönnum. Fundargerð skal greina númer fundar, skv. talningu ákveðinni af bæjarstjórn, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Skrá skal mál sem tekin eru fyrir og þess sérstaklega getið ef mál er tekið fyrir utan dagskrár fundarins. Lýsa skal erindum með meginefni þeirra, aðilum og dagsetningum bréfa.

Hafnarstjórn afgreiðir mál með samþykktum, ályktunum og ákvörðunum. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst.

Fundargerð má hvort heldur sem er færa í gerðarbók eða beint í tölvu, en sérstaklega skal gætt ákvæða í *Samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Hornafjarðar*. Í lok fundar skal fundarritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana, í gerðarbók og á útprentun tölvufærðrar fundargerðar ef því er til að skipta. Hafnarstjóri kemur undirritaðri fundargerð til framkvæmdastjóra stjórnslusviðs sem sér um að fundargerð sé lögð fram með dagskrá næsta fundar í Bæjarráði Hornafjarðar.

Formaður sér um boðun funda eða felur það starfsmanni nefndarinnar.

Ályktanir til bæjarstjórnar og bæjarráðs skulu ætíð sendar bæjarstjóra í sérstöku erindi.

Hafnarstjórnarmenn skulu fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjórnar.

### **Eftirfylgni**

Nema öðruvísi sé kveðið á um í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar, sér hafnarstjórn um framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið á hverjum tíma varðandi málefni hafnarinnar. Hafnarstjóri hefur með höndum stjórn framkvæmda í umboði nefndarinnar. Formaður og aðrir fulltrúar í hafnarstjórn skulu snúa sér til bæjarstjóra til að fylgja eftir þeim ákvörðunum og samþykktum sem ekki eru alfarið á verkswiði hafnarstjórnar að framfylgja.

### **Réttindi og skyldur hafnarstjórnarmanna**

Um réttindi og skyldur hafnarstjórnarmanna gilda ákvæði *Sveitarstjórnarlaga* og *Samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Hornafjarðar* eftir atvikum.

Hafnarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Nú forfallast aðalmaður í hafnarstjórn um stundarsakir og skal hann þá boða tilnefndan varamann sinn og láta formann eða hafnarstjóra vita um forföllin með góðum fyrirvara. Flytjist aðalmaður burt úr sveitarfélaginu, falli hann frá eða forfallist varanlega á annan hátt, tekur tilnefndur varamaður sæti hans þar til aðalmaður er kosinn að nýju og eftir atvikum annar varamaður.

Hver hafnarstjórnarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til hafnarstjóra a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund. Hafnarstjórnarmenn skulu hafa hag bæjarins, og hafnarinnar sérstaklega, að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni og lögum í atkvæðagreiðslu um málefni á vettvangi hafnarstjórnar. Þá skulu þeir virða í hvívetna *Samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Hornafjarðar*.

Hafnarstjórnarmenn, hafnarstjóri og aðrir sem fundi hafnarstjórnar sitja eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um á fundum eða í öðru starfi sínu fyrir hafnarstjórn og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls, lögum eða samþykkt 2/3 hafnarstjórnarmanna, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Hafnarstjórnarmaður skal víkja af fundi við umræður og atkvæðagreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann vikur af fundi. Hafnarstjórnarmanni er skylt að vekja athygli á því ef hæfi hans til meðferðar máls orkar tvímælis.

### **Lög og reglugerðir**

Í störfum sínum skal hafnarstjórn taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið hennar, sérstaklega þó *hafnalögum nr. 23/1994*. Þá skal nefndin fylgja *hafnarreglugerð fyrir Hafnarkauptún / Hornafjarðarhafnar, lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, lög um* og *Samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Hornafjarðar* eins og hún er hverju sinni.